

Aðalfundur FASK

19. Maí 2022 kl 20:00 í Golfskála Hornafjarðar

**Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Laufey Guðmundsdóttir, Ágúst Elvarsson,
Bergþóra Ágústsdóttir, Einar Kristjánsson og Sigrún Sigurgeirsdóttir**

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar ásamt félagaskrá

Haukur gerði grein fyrir helstu verkefnum stjórnar á starfs árinu sem nú er liðið.

Fram kom að helstu verkefni voru að komið var á auknu samstarf FASK, Ríki Vatnajökuls og Sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem komið var á reglulegum fundum þessa lykilaðila er koma að uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu. FASK fékk sæti áheyrnarfulltrúi í Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs, þar sem Ágúst Elvarsson er fulltrúi ferðamálafélaga sem eiga aðkomu að Vatnajökulspjóðgarði ásamt Markaðsstofu Suðurlands. Sem og að námskeið var haldið á vegum FASK. Málefni Vakans, Upplýsingamiðstöðva og úthlutunarreglur fyrir atvinnuleyfi innan Vatnajökulspjóðgarðs voru fyrirferðarmikil í fundargerðum stjórnarinnar ásamt vörumerkjapróun, án þess að niðurstaða fengist í þau mál.

2. Ákvörðun um árgjald

Stjórn FASK lagði til óbreytta gjaldskrá fyrir árgjald rekstrarársins 2022/2023. Verð fyrir fyrirtæki verði áfram 12.500.- og fyrir einstaklinga 6.250.-.

Samþykkt samhljóða

3. Ársreikningur

Haukur gerði grein fyrir niðurstöðu ársreiknings FASK, ársreikningurinn er endurskoðaður af Deloitte. Fram kom að innkoma vegna félagsgjalda og námskeiðsgjalda voru 240.500.- kr og styrkur fékst frá SVH að upphæð 200.000.- kr.

Helstu gjöld voru greiðsla vegna námskeiðs sem FASK stóð fyrir í lok vetrar 2021. Tap var á rekstri félagsins að upphæð 61.257.-

4. Lögð fram starfsáætlun næsta árs.

Haukur gerð grein fyrir helstu málum er stjórn gerir ráð fyrir að verð fyrirferðamikil á næsta starfsári

Ber þar helst að nefna áframhaldandi vinnu við innleiðingu gæðamála, málefni þjóðgarðsins og þróun á úthlutun atvinnuleyfa innan garðsins, námskeiðshald til handa ferðaþjónustuaðilum, málefni upplýsingamiðstöðvar, vörumerkjaþróun, staðsetning og myndatökustaðir fyrir ógleymanlega mynd ásamt fl áhugaverðum stöðum og verkefnum líkt og rauði stóllinn við Þorgeirsstaði, ásamt því að fjölga félagsmönnum svo eitthvað sé nefnt. Reglulegir fundir verða á sínum stað og munu fulltrúar FASK halda áfram sínu góða starfi í stjórn Markaðsstofu Suðurlands, Svæðisráðs Vatnajökulspjóðgarðs og Stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs.

5. Lagabreytingar

Haukur las upp greinargerð vegna lagabreytinga sem tilkomnar eru vegna ábendinga á síðasta aðalfundi. Laga breytingarnar snúa að því að fækka varamönnum úr þremur í einn og að í stað þess að kjósa endurskoðenda verði kosnir tveir skoðunarmenn. Lagði Haukur til að laga breytingarnar verði samþykktar. Þær samþykktar samhljóða.

6. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna

Öll stjórn gaf kost á sér til endurkjörs. Samþykkt samhljóða með lófataki.

Skoðunarmenn voru kosnir Nejra Mesetovic og Sigurður Guðmundsson

7. Önnur mál.

Einar Kristjánsson lagði til að Stjórn beiti sér fyrir því að Vakinn verði lagður niður í þeirri mynd eins og hann er í dag.

Stjórn FASK falið að fara yfir málið, mikilvægt er að það gæðakerfi sem fyrirtæki þurfi að vinna eftir í framtíðinni verði bæði skilvirk, tryggi öryggi gesta og bæti gæði í greinni.

Fundi slitið 21:20